

## Fundargerð

### 71. stjórnarfundur FHA haldinn 4. maí 2015 kl. 12:00

Boðaðir voru stjórnarmenn og varastjórn. Fundinn sátu: Hjördís Sigursteinsdóttir (HS), Guðmundur Kristján Óskarsson (GKÓ), Ólína Freysteinsdóttir (ÓF) Ragnheiður Lilja Bjarnadóttir (RLB) og Pia Viinikka (PV), Hreiðar Valtýsson (HV) og Þorlákur Axel Jónsson (ÞAJ).

#### Dagskrá:

1. Fundargerðir

69. og 70. stjórnarfunda voru lagðar fram og samþykktar án athugasemda.

2. Kjaramál

Formaður kynnti stöðuna varðandi kjaramál. Lítið sem ekkert að gerast í samningaviðræðum. Sem fyrr eru 18 aðildarfélög innan BHM í verkfallsaðgerðum. Samningur FHA gilti til 30. apr. sl. Við fylgjumst með gangi mála.

Rætt var að FHA eigi að gera kröfu um hækkun umfram það sem almennt gerist vegna:

- Aukinnar menntunarkröfu til akademískra starfa, þ.e. að doktorspróf þurfi til þess að gegna þeim
- Leiðréttta verði töflu þannig að jafnt bil sé á milli þrepa og flokka.
- Viðhaldskostnaður fagmennsku er hár.

Greitt hefur verið í verkfallssjóð BHM í samræmi við samþykkt síðasta stjórnarfundar.

3. Samstarfsnefnd

Fundur var haldinn 20. apr. Fundargerð liggur fyrir í drögum.

4. Kennslulíkan

GKÓ kynnti stöðuna í yfirferð með stjórnendum.

5. Önnur mál

- a. Ein umsókn í námssjóð var samþykkt með fyrirvara um að hún uppfylli skilyrði.
- b. Aðalfundur FHA verður í byrjun júní.
- c. Næsti fundur stjórnar verður 18. maí

Fleira ekki fært til bókar og fundi slitið klukkan 13:15

Þorlákur Axel Jónsson, fundarritari.